

Áform um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011

Mál nr. 238/2021 Birt: 21.12.2021 Síðast uppfært: 05.01.2022

- Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
- Áform um lagasetningu
- Málefnasvið:
- Sveitarfélög og byggðamál

Til umsagnar

Umsagnarfrestur er 21.12.2021–14.01.2022. Umsagnir eru birtar jafnóðum og þær berast. Niðurstöður samráðsins verða birtar þegar unnið hefur verið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem berast.

[Senda inn umsögn](#)

Málsefni

Áformað er að breyta sveitarstjórnarlögum á þann veg að mælt verði með skýrari hætti fyrir um hvaða reglur skuli gilda um íbúakosningar.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er í þremur tilvikum gert ráð fyrir íbúakosningum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir kosningum um skipan nefndar samkvæmt 38. gr. laganna, í öðru lagi kosningum um einstök málefni samkvæmt 107. gr. og í þriðja lagi kosningum um sameiningu sveitarfélaga samkvæmt 125. gr.

Fengin reynsla hefur leitt það í ljós að þær reglur sem nú gilda um íbúakosningar mættu vera skýrari. Jafnframt hefur komið fram að þær kröfur sem gerðar eru til íbúakosninga á grundvelli núgildandi sveitarstjórnarlaga kunna að vera óþarflega miklar sem leitt hefur til þess að sveitarfélög nýta sér ekki þau úrræði sem sveitarstjórnarlögin bjóða til þess að kanna vilja íbúa, heldur halda þess í stað sérstakar kannanir.

Með þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga nr. 21/150 samþykkti Alþingi meðal annars að stefna að því að sveitarfélög á Íslandi yrðu öflugur og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi. Í samræmi við það markmið þykir mikilvægt að þau ákvæði sveitarstjórnarlaga sem mæla fyrir um íbúakosningar séu

skýr og að allri óvissu um framkvæmd slíkra kosninga verði eytt. Vinna er því hafin, á grundvelli framangreindra sjónarmiða, að útfærslu þeirra reglna sem eiga að gilda um íbúakosningar.